

## REGLUR

### um meistaranám í lyfjavísindum við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

*Gildissvið.*

Í reglum þessum er fjallað um meistaranám í lyfjavísindum við lyfjafræðideild Háskóla Íslands skv. 68. gr. reglna um Háskóla Íslands.

2. gr.

*Markmið.*

Markmið meistaranáms í lyfjavísindum er að veita nemandanum þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum að loknu grunnnámi. Meistaranámið skal auka faglega þekkingu og veita þjálfun og innsýn í rannsóknaraðferðir í lyfjavísindum.

3. gr.

*Meistaranámsnefnd.*

Meistaranámsnefnd lyfjafræðideildar fer með málefni meistaranámsins í umboði deildarráðs. Hlutverk hennar er m.a. að fjalla um umsóknir, samþykkja breytingar á námsáetlun, sbr. 8. gr., skipa menn í meistaraprófsnefndir, tilnefna prófdómara fyrir meistarapróf, sbr. 14. gr., og sjá um meistarapróf.

4. gr.

*Umsóknarfrestur.*

Umsóknarfrestur er til 15. mars fyrir innritun á haustmisseri en til 15. september fyrir innritun á vormisseri. Deildarráð lyfjafræðideildar getur vikið frá þessum tímasetningum.

5. gr.

*Meðferð umsókna.*

Umsóknum skal skilað til skrifstofu lyfjafræðideilda. Meistaranámsnefnd afgreiðir umsóknir og tilkynnir deildarráði um niðurstöðurnar. Afgreiðslu umsókna skal að jafnaði vera lokið og þeim svarað innan 4 vikna frá móttöku. Umsókn skal skilað á sérstöku eyðublaði og skal fylgja námsáetlun þ. á m. listi yfir fyrirhuguð námskeið, lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknaráetlun. Sé rannsóknarverkefnið unnið utan lyfjafræðideilda, skal fylgja með yfirlysing fyrirtækis eða stofnunar sem verkefnið er unnið hjá. Þessi yfirlysing skal staðfesta þátttöku fyrirtækisins eða stofnunarinnar í verkefninu. Breytingar á námsáetlun eru háðar samþykki meistaranámsnefndar.

Ferli umsókna er sem hér segir:

- a. Nemandi finnur sér leiðbeinanda og umsjónarkennara.
- b. Nemandi sækir um inngöngu í meistaranám í lyfjavísindum á sérstöku eyðublaði sem fæst á vefsíðu lyfjafræðideilda. Útfylltu eyðublaðinu skal skilað á skrifstofu lyfjafræðideilda.
- c. Lyfjafræðideild samþykkir umsóknina, eða synjar nemanda ef umsókn uppfyllir ekki gæðakröfur og tilkynnir niðurstöðu bréflega sbr. afgreiðslufrest umsókna í 5. gr. Synjun umsóknar skal vera rökstudd.
- d. Afgreiðsla lyfjafræðideilda er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.

- e. Nemandi sem meistaránámsnefnd hefur samþykkt í meistaránám í lyfjavísindum skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið.

**6. gr.**

*Inntökuskilyrði.*

Til að innritast í meistaránám í lyfjavísindum þarf nemandi að hafa lokið grunnnámi, B.S.-prófi frá Háskóla Íslands í lyfjafræði eða skyldum greinum, eða öðru samsvarandi prófi frá innlendum eða erlendum háskóla. Miðað er við að nemandi, sem hefur lokið prófi frá Háskóla Íslands, hafi að lágmarki 6,0 í aðaleinkunn á B.S.- prófi eða samsvarandi námi. Meistaránámsnefnd metur próf frá örðrum skólum en Háskóla Íslands.

**7. gr.**

*Einingafjöldi og tímalengd náms.*

Meistaránám í lyfjavísindum er 60 einingar. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé lengd meistaránáms tvö ár og námið taki ekki lengri tíma en þrjú ár. Við brautskráningu skal sýnt að nemandi hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann.

**8. gr.**

*Samsetning náms.*

Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum. Stærð rannsóknarverkefnis er ákveðin í námsáætlun og skal vera 15, 30 eða 45 einingar. Aðrar einingar fást með þátttöku í námskeiðum í samræmi við samþykktá námsáætlun. Þátttaka í málstofu lyfjafræðideildar sem nemur þremur einingum, er skylda. Meistaránámsnefnd lyfjafræðideildar skipuleggur þátttöku meistaránema í lyfjavísindum í málstofum.

**9. gr.**

*Einkunnir.*

Til að standast próf í meistaránámi í lyfjavísindum verður nemandi að hljóta minnst einkunnina 5,0 í öllum námskeiðum hverri um sig auk allra námskeiðshluta í einstökum námskeiðum. Sjá nánar 5. og 6. mgr. 123. gr. í reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

**10. gr.**

*Námskeið í grunnnámi sem hluti afframhaldsnámi.*

Miðað er við að ekki fleiri en 10 einingar komi úr námskeiðum í grunnnámi. Að jafnaði skulu gerðar meiri kröfur til nemanda í meistaránámi sem taka námskeið í grunnnámi sem hluta af námi sínu. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 6,0.

**11. gr.**

*Umsjónarkennari og leiðbeinandi.*

Meistaránemi í lyfjavísindum skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara (lektor, dósent eða prófessor) í viðkomandi grein við lyfjafræðideild, sem hann ráð-færir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Umsjónarkennari, ásamt nemanda, leggur fram námsáætlun sem meistaránámsnefnd lyfjafræðideildar samþykkir.

Leiðbeinandi leiðbeinir nemanda í rannsóknarverkefni og skal hann hafa lokið doktors-prófi á fræðasviðinu. Umsjónarkennari og leiðbeinandi eru að jafnaði sami maðurinn. Nemanda er heimilt að hafa utanaðkomandi leiðbeinanda sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum. Séu umsjónarkennari og leiðbeinandi ekki sami maðurinn hefur umsjónar-

Nr. 340

26. mars 2007

kennari umsjón með náminu en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í rannsóknarverkefni.

12. gr.

*Meistaraprófsnefndir.*

Meistaraprófsnefnd skal skipa þegar rannsóknarverkefnið er stærra en 15 einingar. Nefndin skal skipuð þremur sérfróðum mönnum og er einn þeirra umsjónarkennarinn. Meistaranámsnefnd skipar meistaraprófsnefndina. Hlutverk hennar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknavinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar.

13. gr.

*Tengsl við aðra háskóla.*

Nemendur geta tekið hluta meistaranáms við aðra háskóla. Skýrt skal kveðið á um vægi námskeiða og verkefnis við Háskóla Íslands og annarra háskóla í námsáætlun sem lögð er fyrir lyfjafræðideild til samþykktar við innritun.

14. gr.

*Prófdómarar.*

Meistaranámsnefnd tilnefnir two prófdómara sem prófa meistaranema og leggja mat á rannsóknarverkefni hans ásamt meistaraprófsnefnd. Prófdómarar skulu ekki vera tengdir rannsóknarverkefninu.

15. gr.

*Námsmat og meistarapróf.*

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram til mats meistaranámsnefndar staðfest námsferilsyfirlit nemanda. Í meistaraprófi í lyfjavísindum flytur nemandi fyrirlestur um rannsóknarverkefnið og hafa prófdómarar síðan samtals u.þ.b. klukkustund til að prófa nemandann. Prófdómarar ásamt umsjónarkennara og prófstjóra, sem skipaður er af meistaranámsnefnd, meta frammistöðu nemanda og gefa honum einkunn.

16. gr.

*Skil og frágangur meistararitgerða.*

Meistararitgerð má skrifa á íslensku eða ensku. Meistararitgerð skal uppfylla kröfur lyfjafræðideilda Háskóla Íslands um ritgerðir til meistaraprófs. Í henni skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða rannsókna á fræðasviðinu er rakin, aðferðafræði sem beitt var, niðurstöður, ítarleg umfjöllun og heimildaskrá sem skal vera samkvæmt almennum reglum vísindatímarita. Hafi nemandi skrifð grein/greinar til birtingar geta þær verið hluti af ritgerðinni. Í ritgerð skal getið stofnunar sem rannsóknin var unnin við og einnig skal geta umsjónarkennara og leiðbeinanda. Koma skal skýrt fram að verkefnið var unnið við Háskóla Íslands og geta skal þeirra sjóða sem styrktu verkefnið. Meistararitgerð nemenda í rannsóknatengdu meistaranámi skal skilað í fimm eintökum og á rafrænu formi til skrifstofu lyfjafræðideilda eigi síðar en mánuði fyrir áætlaðan prófdag. Lyfjafræðideild tekur ekki þátt í kostnaði vegna meistararitgerða.

Nr. 340

26. mars 2007

17. gr.

*Lærdómstítlar.*

Að loknu meistaranámi í lyfjavísindum hlýtur nemandinn lærdómstítlinn *Master of Science in Pharmaceutical Sciences* (M.S. Pharm. Sci.).

18. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 92/2003, um meistaranám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

*Háskóla Íslands, 26. mars 2007.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

---

*Pórður Kristinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 23. apríl 2007